



GarageBand fyrir Mac

GarageBand er app sem fylgir frítt með Apple iPhone, iPad og Mac tölvur. Forritið er gert til þess að taka upp hljóð og búa til tónlist. GarageBand er nánast eins í síma og spjaldtölvu, en aðeins öðruvísi í tölvu. Hér má lesa hvernig það er notað á Mac-tölvu.

Auk tölvunnar er nauðsýnlegt að eiga hljóðkort (audio interface) eða mixer sem getur tekið upp tvær eða fleiri rásir í einu. Gott dæmi fyrir heimaupptökur er *Focusrite Scarlett*.

Að búa til nýtt lag og undirbúa upptöku


GarageBand opnast alltaf þar sem þú hættir síðast. Þá geturðu haldið áfram að vinna í sama lagi eða velja að búa til nýtt lag.

1. Smella á *File* og *New...* til að búa til nýtt lag.

2. Velja *Empty Project*

3. Velja hvað þú vilt taka upp.


Software Instrument	gervihljóðfæri (hægt að spila með USB-hljómborð)
Audio	tengja hljóðnema, rafmagnspíanó og rafgítar/bassa.
Drummer	gervitrommari




4. Velja tengingu undir *My instrument is connected with* og *I hear sound from*.

5. *I want to hear my instrument as I play and record* – oftast best að merkja við hér.

6. Velja rétt input (rás) fyrir hvern hljóðnema eða hvert hljóðfæri. Fyrir stereó-hljóðfæri eins og rafmagnspíanó eða rafmagnstrommur er gott að velja tvöfalda rás, eins og 1+2.




7. Velja e.t.v. preset fyrir hljóðið í *Library* vinstra megin. *Voice*, *Classic vocal* er til dæmis gott fyrir söng. Þetta má síðan breyta eftir upptöku.
8. Ýta á + til að búa til fleiri rásir fyrir fleiri hljóðfæri.



9. Í þessum glugga má breyta hraða (tempo), takttegund og tóntegund. (Dúr og moll heitir *major* og *minor*).
10. Hægra megin við gluggann má kveikja á taktmæli og *Count In*. (talning fyrir lagið)
11. Ef þú ætlar að taka upp án þess að vera með taktmæli er best að smella á litlu örina og velja *Time* í stað *Beats & Project*.

Að taka upp eitt hljóðfæri í einu




Ef þú vilt taka upp bara eitt hljóðfæri þarf að:

- velja rásina sem á að taka upp á
- athuga hvort kveikt sé á taktmæli
- ýta svo á rauða rec-takkann (eða R).
- ýtta á *Stop* (eða space) til að stoppa.

Að taka upp fleiri hljóðfæri á sama tíma

Til að geta tekið upp mörg hljóðfæri í einu með sinn hvorum hljóðnemanum eða snúrunni þarf að eiga hljóðkort (audio interface) eða mixer sem getur tekið upp tvær eða fleiri rásir í einu.



- Hægrismella á rás og velja *Configure Track Header...*
- Merkja við *Record Enable*
- Halda niðri Apple-takkann og smella á litlu rec-tökkunum.
Allir rec-takkar eiga núna að blikka.

Að hljóðblanda (mixa)

Þegar búið er að taka upp þarf að hljóðblanda. Hér eru mörg smáatriði sem hægt er að vinna í en einföld aðferð er:

- Látta sleðann á söng/laglínu-rásinni vera á +0.0db
- Lækka í allar aðrar rásir
- Hækka smám saman aftur svo það heyrir vel í öllu
- Muna að hægt er að skipta um hljóð á t.d. söng og rafgítar með því að fara í *Library* og velja önnur forstilling.
- Ýta á B til að fá upp stillingar fyrir tón, bergmál o.fl.
- Nota *Pan* (takinn hægra megin við sleðann) til að færa hljóðfærin hægri/vinstri í sviðsmyndinni.
- Stytta upptökur til að fela hljóð sem þú vilt ekki hafa með.
- Fara í *Edit* og *Split Regions at Playhead* til að klippa upptöku í tvennt.
- Nota *Copy* og *Paste* ef þú vilt afrita upptöku og nota á öðrum stöðum í laginu.

Að deila laginu

Þegar búið er að hljóðblanda má fara í *Share* og *Export Song to Disk* til að búa til mp3-file.

(eða aiff og wave sem er í betri gæði, en tekur meira pláss)

Það má líka deila laginu beint í gegnum *AirDrop* eða *Mail*.

Þetta er bara brot úr því sem er hægt að gera í GarageBand. Góð hugmynd er að fara á YouTube og leita að *GarageBand lesson* eða *GarageBand tutorial*.

Góða skemmtun!